

Minnisblað

Móttakandi: Karl Björnsson framkvæmdastjóri Dags.: 15. október 2012

Sendandi: Gunnlaugur Júlíusson Málsnr.: 1210236SA
Málalykill: 081

Efni: Ársfundur hagdeilda norrænu sveitarfélagasambandanna, haldinn í Helsingör dagana 22.–25. ágúst 2012

Ársfundur hagdeilda norrænu sveitarfélagasambandanna var haldinn í Hojstrupgård rétt fyrir utan Helsingør í Danmörku dagana 22.–25. ágúst sl. Alls sóttu fundinn 21 fulltrúi. Fimm fulltrúar komu frá hvoru landi fyrir sig Noregi og Svíþjóð, sex frá Danmörku, fjórir frá Finnlandi og undirritaður frá Íslandi. Hér er stutt samantekt yfir það helsta sem fjallað var um á fundinum.

Fundarmenn komu til Hojstrupgård undir kvöldmat þann 22. ágúst. Að afloknum kvöldverði safnaðist hópurinn saman og hlýddi á Kristian Nielsen, borgarstjóra í Helsingør, þar sem hann sagði frá ýmsu sem var efst á baugi hjá sveitarfélaginu. Í Helsingør eru um 46.000 íbúar og þar af búa flestir í þéttbýlinu. Hann kom sérstaklega inn á breytta stöðu í fjármálum sveitarfélagsins. Árið 2010 hefði það átt um 800 m.dkr. í sjóði en um mitt ár 2012 var sjóðurinn kominn niður 50 m.dkr. Að óbreyttu hefði sveitarfélagið stefnt í fjárþröng um mitt ár 2013. Þetta mikla lausafé árið 2010 hefði meðal annars til komið vegna þess að sparað hefði verið fyrir byggingu á nýju ráðhúsi og afborgunum lána verið slegið á frest. Góð lausafjárstaða hefði hins vegar leitt til þess að ekki hefði verið gripið til nauðsynlegra aðhaldsaðgerða í rekstri sveitarfélagsins fyrr en um seinan. Nú væri lausaféð að mestu uppuríð. Ekki lægi annað fyrir en að skera niður árleg útgjöld um a.m.k. 140 m.dkr. Borgarstjórinn lýsti stöðunni í sveitarfélaginu út frá ýmsum sjónarhornum og greinilegt var að þar hafði verið unnið af miklum metnaði á ýmsum sviðum. M.a. var Helsingør fyrsta sveitarfélagið í Danmörku til að láta öll grunnskólabörn fá IPAD tölvu án endurgjalds. Ljóst virtist hins vegar vera að fjármálaleg staða myndi hafa meiri áhrif á ákvarðanir um útgjöld á komandi árum en hingað til hefði verið.

1. Yfirferð um það sem efst er á baugi í einstökum löndum í samskiptum ríkis og sveitarfélaga

a. Finnland

Á ýmsan hátt er framtíðarsýnin í opinberum fjármálum þannig í Finnlandi að ljóst þykir að ekki verður haldið áfram á óbreyttri braut. Æ fleiri verða eldri og lifa lengur á meðan að þeir yngri verða hlutfallslega færri. Því munu æ færri verða að standa undir kostnaði við velferðarkerfi sem æ fleiri koma til með að nýta sér. Viðbrögðin eru meðal annars þau

að það verði að fækka sveitarfélögum til að nýta fjármagnið betur og auka skilvirkni. Einnig hefur verið rætt um að hækka ellilífeyrisaldur upp í 65 ár. Grunnviðmiðun við stækkun sveitarfélaga er samfelld atvinnusvæði (pendlingsområde). Stefnt er að því að byggðasamlög (samkommuner) verði einungis til í undantekningartilfellum. Unnið er út frá því hvað sé best fyrir hvert byggðarlag en ekki hvað sé best fyrir hvert og eitt sveitarfélag. Stefnt er að því að endurskipulagningu sveitarfélagakerfisins í Finnlandi verði lokið fyrir árslok 2014. Finnskum sveitarfélögum hefur fækkað úr 415 árið 2008 í 336 árið 2011. Ríkið hefur árlega fært þeim ný verkefni án þess að nauðsynlegir fjármunir hafi fylgt með. Til dæmis voru sett lög um öldrunarþjónustu þess efnis að það skyldu ætíð vera sjö starfsmenn á hverja tíu vistmenn. Vitnað var í umræðu sem Björn Wahlroos hafi opnað og hann nefnir „Einræði meirihlutans“. Hún gengur út á að einfaldur meirihluti þjóðarinnar (51%) geti ákveðið að allir skuli standa undir kostnaði við opinberri þjónustu, hvaða nafni sem hún nefnist. Lýðræðið muni því á þennan hátt leiða til þess að það sé offjárfest í opinberri velferðarþjónustu. Um þetta hafi spunnist miklar deilur í Finnlandi.

b. Svíþjóð

Sama þróun er í Svíþjóð og í Finnlandi að hlutfall aldraðra yfir 65 ára fer sífellt vaxandi. Verið er að endurskoða fyrirkomulag á töku ellilífeyris í Svíþjóð. Forsætisráðherrann hefur m.a. lagt til að það eigi að vera frjálst val hvers og eins hvort fólk vinni fram á 75 ára aldur. Verið er að skoða málið og niðurstaða á að liggja fyrir í árslok 2013. Miklar breytingar hafa átt sér stað í sænska velferðarkerfinu á liðnum árum. Aukin áhersla er lögð á að opinber velferðarþjónusta sé fjármögnuð með beinum skatttekjum og dregið þar á móti úr millifærslum. Dregið hefur verið úr möguleikum til að fá sjúkradagpeninga. Reglur um atvinnuleysisgreiðslur hafa verið hertar svo og reglur um réttindi til lífeyrisgreiðslna. Stefnt er að því að velferðarþjónusta hins opinbera beinist fyrst og fremst að þeim sem þurfa mest á henni að halda.

Vaxandi áhersla er lögð á frjálst val einstaklingsins innan sveitarfélagageirans. Greiðsla fyrir þjónustu fylgir einstaklingnum en notandinn velur hvar hann fær þjónustuna. Stefnt er að því að flytja heimaþjónustu frá landsþingum til sveitarfélaga og almennings-samgöngur frá sveitarfélögum til landsþinga með tilheyrandi skattkerfisbreytingum.

c. Noregur

Mikill fjöldi erlends fólks flyst til Noregs í atvinnuleit. Sameining fjölskyldna í kjölfar þess að heimilisfaðirinn hefur komið til Noregs hefur víða haft í för með sér mikil fjárútlát fyrir sveitarfélögin. Mikil fjölgun íbúa hefur í för með sér ýmis vandamál fyrir sveitarfélögin. Í fjórum

stærstu sveitarfélögum landsins hefur íbúafjöldi aukist um 4% á ári undanfarin ár. Það þykir ljóst að olíusjóðurinn komi ekki til með að standa undir núverandi velferðarkerfi til framtíðar. Því verður að undirbúa aðrar aðgerðir til að mæta stöðugt vaxandi kostnaði við velferðarkerfið. Þar á meðal er rætt um aukna skattlagningu, hækkuð þjónustugjöld og vaxandi kröfu um aukin afköst í velferðarkerfinu. Einnig verður að vinna að styrkingu tekjustofna og niðurskurði útgjalda á komandi árum. Stjórn KS hefur óskað eftir því við ríkisstjórnina að gerð verði greining á þörfum velferðarsamfélags framtíðarinnar en ekki fengið hljómgrunn. Meðal þess sem KS vildi taka fyrir voru eftirfarandi atriði:

- Greining á þjónustubörf og nauðsynlegum rammaforsendum
- Hlutverk einstakra stjórnsýslustiga
- Afstaða til einkageirans
- Þarfir og kröfur íbúanna
- Hvaða þjónustu á að fjármagna með almannafé?

d. Danmörk

Óróleiki er á hinu pólitíska sviði. Opinber útgjöld hafa vaxið árlega um 0,8% á undanförunum árum. Halli á ríkisútgjöldum er fyrirsjáanlegur á árunum 2012 og 2013. Ríkisstjórnin hefur sett upp 2020 áætlun sem beinist að því að styrkja og endurreisa stöðu opinberra fjármála í Danmörku. Verið er að undirbúa endurskipan skattkerfisins. Stefnt er að því að lækka skatta á launatekjur hjá sem hafa farið á lífeyri fyrir aldur fram. Það á að leiða til aukinnar atvinnuþátttöku. Þeim hefur fækkað sem eru virkir á almennum vinnumarkaði. Stefnt er að því að fá allt að 180.000 manns út á vinnumarkaðinn á næstu átta árum. Aftur á móti hefur þeim fjölgað verulega sem ná 80 ára aldri. Barnabætur munu lækka hjá þeim sem hafa árstekjur yfir 700.000 dkr. Verið er að draga úr möguleikum fólks til að kæra ákvarðanir sveitarfélaganna á hinu félagslega sviði til yfirnefndar.

e. Ísland

Undirritaður fór yfir stöðu sveitarfélaganna eftir krísuna og til hvaða aðgerða þau gripu í því sambandi. Ég kom síðan inn á gjaldeyrishöftin og snjóhengjuna. Einnig fjallaði ég um setningu fjármálareglna, yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks og reynsluna af því verkefni. Farið var yfir undirbúning að NPA verkefninu og upphaf að undirbúningi á yfirfærslu á málefnum aldraðs fólks til sveitarfélaganna. Að lokum kom ég inn á samskipti ríkis og sveitarfélaga hvað varðar málefni þeirra sem hafa verið atvinnulausir árum saman.

2. Fjármál sveitarfélaga á Norðurlöndum

a. Finnland

Fjárhagsleg staða sveitarfélaga í Finnlandi er á margan hátt erfið. Viðbrögðin við núverandi ástandi í landinu hafa verið á ýmsan hátt. Meðal annars er unnið að því að styrkja fjárhagsáætlunargerð þeirra í þeim tilgangi að auka virðingu og skilning á nauðsyn vandaðrar fjársýslu. Ákveðin viðurlög eru við því ef fjárhagsáætlun víkur mikið frá raunveruleikanum. Almennt hefur efnahagsástandið haft mikil áhrif á sveitarfélögin. Útlitið hefur einnig versnað m.h.a. ástandinu á Evrusvæðinu. Ríkið hefur takmarkaða möguleika til að styrkja atvinnulífið. Mikið atvinnuleysi er dýrt fyrir samfélagið. Fjárhagsleg staða sveitarfélaganna er mjög misjöfn. Tekjur þeirra eru í beinum tengslum við atvinnuþátttöku og stöðu atvinnulífsins. Samdráttur í útflutningsgreinum hefur bein áhrif á fjárhagslega stöðu sveitarfélaganna. Skatttekjur sveitarfélaganna eru um 45% af heildartekjum þeirra. Þar af er tekjuskattur 39 %-stig, samfélagsskattur 3 %-stig og fasteignaskattur 3 %-stig. Af tekjuskattinum er skattur af launatekjum 68%, skattur af lífeyrisgreiðslum 22% og annað 10%.

Ríki og sveitarfélög sömdu um s.k. grunnþjónustuáætlun (basservice-program) árið 2008. Staðan er yfirfarin árlega með það að markmiði að það breytist í takt við þær breytingar sem eiga sér stað í fjármálum sveitarfélaganna. Ríkisvaldið er á varðbergi gagnvart því að halda Maastricht-skilyrðin með eftirliti með heildarþróun opinberra fjármála.

Aðgerðir sem hefur verið gripið til til að mæta afleiðingum efnahagskrísunnar eru m.a. eftirfarandi:

- Aukin samvinna milli stjórnarsýslustiga
- Reglulegar samræður og fjöldi aðgerða til að milda álagið á fjárhag staðbundinnar stjórnarsýslu
- Aðgerðir til að mæta kostnaðarauka vegna aðgerða í velferðarmálum og aukningu á atvinnuleysi meðal ungs fólks
- Samfélagsskatturinn var hækkaður
- Atvinnuveitendagjald sveitarfélaganna var lækkað árið 2009 og var fellt niður árið 2010.
- Bannað er að hækka fasteignaskattinn
- Fjárframlög á vissum sviðum og millifærslur frá ríki til sveitarfélaga hafa verið auknar.

Framtíðarsýnin er á þann veg að íbúar landsins eru að eldast á sama tíma og þeim fækkar sem fjármagna velferðarþjónustuna. Hagvöxtur mun verða hægari á komandi árum. Aukning verður í útgjöldum sem tengjast aldri íbúanna. Fyrir liggur að nauðsynlegt er að greina útgjaldaþróun í

einstökum málaflokkum sveitarfélaganna. Samtímis verður að gera úttekt á þeim tímaramma sem nær yfir útfærslu jafnvægisreglunnar.

b. Svíþjóð

Í Svíþjóð er í gildi markmið sem fela í sér kröfu um 1,0% rekstrarafgang innan opinbera geirans. Í gildi er þak á vöxt opinberra útgjalda. Það nær yfir næstu þrjú ár samkvæmt gildandi áætlun þar um. Það nær yfir öll opinber útgjöld nema vexti. Þakið nær einnig yfir útgjöld til ellilífeyrismála.

Mikill árangur hefur náðst í að greiða niður skuldir ríkisins. Árið 1995 voru skuldir ríkisins 75% af BNP en þær eru nú 30% af BNP. Dregið hefur verið úr greiðslum vegna veikindadaga, taka lífeyris fyrir aldur fram (förtidspensionering) hefur verið lögð af og lífeyrisbætur hafa verið lækkaðar úr 80% af vinnutekjum í 60%.

Mörg sveitarfélög hafa sett sér það markmið að rekstrarafgangur verði að lágmarki 2% af skatttekjum og millifærslum frá ríkinu.

SKL fékk ekki leyfi til að eiga Kommundata (Bókhaldsþjónustu sveitarfélaganna). Fyrirtækið var selt fyrir 4,0 m.skr. Þjónustugjöldin hafa verið hækkuð og nú á að selja fyrirtækið aftur fyrir 7,0 m.skr.

Verið er að undirbúa ný lög er varða sveitarfélögin sem taka gildi árið 2013. Þar mun verða lagt til að leggja eigi fyrir allan rekstrarafgang umfram 2,0% af skatttekjum og millifærslum. Þá fjármuni á einungis að nota á erfiðleikatímum (lágkonjunktur). Skilgreining hugtaka er nauðsynleg, s.s. hvernig eru „erfiðleikatímar“ skilgreindir?

c. Danmörk

Verið er að byggja upp áætlun um rekstrarlega niðurstöðu opinbera geirans fram til ársins 2040. Í Danmörku er fyrirsjáanleg mikil hlutfallsleg aukning aldrads fólks með tilheyrandi kostnaðarauka fyrir ríki og sveitarfélög. Kostnaður á einstakling vex mjög mikið þegar aldurinn er kominn yfir 80–85 ár. Hlutfallslegur fjöldi fólks sem er eldra en 80 ára hefur aukist verulega á síðustu áratugum.

EU hefur lagt fram kröfur um að unninn skuli bugur á hallarekstri opinbera geirans þannig að hann verði ekki hærri en 3,0% af tekjum árið 2013. Draga skal úr opinberum útgjöldum um 0,3% af BNP á ári á tímabilinu 2011–2013. Unnið er að endurreisn fjármála opinbera geirans í Danmörku. Velta skal við hverjum steini í því sambandi. Stjórnsýsla sveitarfélaganna hefur breyst mikið á liðnum árum. Frá því að til skamms tíma var oft sagt kurteislegt „já“ við erindum og kröfum sem bárust til þeirra en nú eru erindin meðhöndluð á faglegan og kostnaðarlega meðvitaðan hátt. Almennt viðhorf er meðal sveitarfélaganna að „ekkert sé lengur heilagt“.

Hjá sveitarfélögum og héraðum er í gildi fjögurra ára áætlun um útgjaldaþak. Það er uppfært árlega með hliðsjón af niðurstöðum fjárlaga ríkisins. Þessi aðferðafræði leiðir til aukinnar kröfu um vandaða fjármálastjórn hjá opinbera geiranum í heild sinni.

Ríkið hefur tekið ákvörðun um framlög í fjárfestingarsjóð sveitarfélaganna sem nemur 15,0 ma.dkr. Honum er deilt út eftir íbúafjölda. Sveitarfélagið Kaupmannahöfn hefur 10% af íbúafjölda landsins. Því fær það 1,5 ma.dkr. úr sjóðnum en þarf að fjárfesta fyrir 5,0 ma.dkr. Fjárfestingaráætlanir sveitarfélaga skiptast þannig niður: Innra skipulag: 28%, vatn og fráveitur: 11,0% og fræðslustarfsemi: 21,0%.

d. Noregur

Í Noregi hafa verið settar upp þrjár sviðsmyndir fyrir efnahagslega þróun sveitarfélaganna á komandi árum. Grunnforsendan í því efni er hvernig olíuverð kemur til með að þróast. Verður það hátt, meðal hátt eða lágt? Þróun olíuverðs er sá þáttur sem skiptir mestu máli fyrir norska hagstjórn. Skuldsetning norskra sveitarfélaga hefur vaxið á liðnum árum. Fyrir um 10 árum voru nettóskuldir þeirra um 10% af heildartekjum en eru nú um 45%. Sveitarfélögin hafa lagt í miklar fjárfestingar. Á það bæði við um nýfjárfestingar en uppsöfnuð viðhaldsþörf var mikil. Mikil og vaxandi skuldsetning sveitarfélaganna er farin að valda nokkrum áhyggjum. Lágir vextir hafa meðal annars leitt það af sér á undanförunum árum að það hefur verið auðvelt að taka lán. En þegar afkoman versnar, tekjur lækka og vextir hækka þá verður tilveran ekki eins þægileg. Ef vextir hækka verður að skera niður útgjöld til almennrar þjónustu um samsvarandi fjárhæð. Norðmenn velja töluvert fyrir sér hvað opinberar skuldir mega vera hátt hlutfall af BNP. Þeir hafa komist að þeirri niðurstöðu að þær megi ekki fara mikið yfir 50%. Ef þær eru hærrí þá mun niðurskurður í opinberri þjónustu leiða til aukinnar opinberrar skuldsetningar vegna hliðaráhrifa. Þá er tekið tillit til þeirra áhrifa sem niðurskurður á opinberum útgjöldum hefur á almenna eftirspurn í samfélaginu.

3. Markmið og mælingar

i. Inngangur

Stærsta efnislega þema fundarins var samantekt um markmið og aðferðafræði við mælingar á árangri innan sveitarfélagageirans. Fulltrúar fjögurra landa undirbyggðu innlegg sem síðan var grunnur að almennri umræðu um viðfangsefnið. Hér á eftir verður gefið stutt yfirlit um innlegg Svíþjóðar, Noregs og Danmerkur. Undirritaður fjallaði almennt um reglur og kennisetningar við markmiðssetningu og mælingar á árangri og kom að lokum inn á stöðu þessara mála héraendis.

ii. Svíþjóð

Ritið „Vad kostar verksamheten i din kommun“ hefur verið gefið út í 25 ár í Svíþjóð. Niðurstöður þess hafa verið birtar á netinu á síðustu tíu árum. Síðan eru birtar niðurstöður úr talnasöfnun og úrvinnslu sveitarfélaganna (kommundatabasutredningen) þar sem er að finna takmarkaðan fjölda lykiltalna þar sem birt er samhengi fjárhagslegra upplýsinga og einstakra rekstrarþátta¹.

Forsendur fyrir góðri fjárhagslegri stöðu sveitarfélags er að það séu til staðar skilvirk tengsl milli tekna, kaupa á vörum og þjónustu, þjónustu sveitarfélagsins og þess árangurs sem náð er í starfsemi þess (gæðamarkmið). Í þessu sambandi er stefna ríkisstjórnarinnar ákveðinn grunnur². Samanburður milli sveitarfélaga er mjög mikilvægur þáttur í þessu sambandi. Sveitarfélögin hafa áhyggjur af því að ríkisvaldið fari að stýra starfsemi sveitarfélaganna í meiri mæli en nú er gert. Viðbrögð þeirra eru að vinna að meiri og opnari samanburði milli einstakra sveitarfélaga, sérstökum samanburðarverkefnum, betri skilgreiningum á gæðamælingu á þjónustu sveitarfélaganna og talnalegri greiningu á stöðu þeirra. Verið er að vinna að svokölluðum KOLADA gagnagrunni. Vinnan við hann er fjármögnuð af SKL og fjármálaráðuneytinu. Markmiðið er að hafa aðgengi að auðlæsilegum, skýrum og notendavænum lykiltölum yfir starfsemi sveitarfélaganna. Markhóparnir eru fyrst og fremst stjórnámálamenn og embættismenn hjá sveitarfélögum, landsþingi og ríki. Einnig munu þær nýtast almenningi, fjölmiðlum og fræðasamfélaginu.

iii. Noregur

Norðmenn fjölluðu í upphafi um hvernig mælingar á mismunandi þáttum hefðu áhrif á samskipti ríkis og sveitarfélaga. Hefur meðvituð pólitísk markmiðssetning haft í för með sér aukið sjálfstæði sveitarfélaganna eða öfugt? Hvaða hlutverk hefði markmiðssetning og mælingar í þróun opinbera geirans? Mikill kostnaður fylgir því fyrir sveitarfélögin að skila upplýsingum til ríkisins. Áætlað er að það fari um 700 ársverk í það verkefni. Það kostar um 600 m.nkr. á ári. Þá eru einungis talin lögskyld skil á upplýsingum. Til viðbótar má nefna margháttada upplýsingagjöf í tengslum við stjórnun, upplýsingagjöf, endurskoðun og eftirlit. Síðan má nefna samskipti við fræðimenn, fjölmiðla, önnur sveitarfélög o.s.frv. Upplýsingagjöf sveitarfélaganna er mikilvægust fyrir ríkið og þá fyrst og fremst í eftirlitsskyni. Innan umönnunargeirans eru gerðar miklar kröfur til skýrslugerðar og upplýsingagjafar. Það varðar fyrst og fremst neytendarétt og

¹ www.kommundatabas.se

² Regeringens proposition 2003/04:105; God ekonomisk hushållning i kommuner och landsting.

starfsmannamál en einungis um 8% þeirra varða fjármál af einhverju tagi. Vaxandi áhersla er lögð á að fókusinn beinist meir að stjórnun á árangri og gæðum í stað þess að einblína á ráðstöfun fjármuna og kostnað eins og verið hefur. Gæðamælingar eru mikilvægur þáttur í þessu sambandi. Þó að því tilskyldu að ekki þurfi að leggja í meiri kostnað vegna skýrslugerðar og allra síst skýrslugerðar sem er handunnin. Það mun þýða að þetta verkefni flytjist eins og hægt er inn í KOSTRA verkefnið. KS leggur megináherslu á rammastjórnun sem feli í sér ákveðið frjálsræði sveitarfélaga um hina endanlegu útfærslu á framkvæmd þjónustunnar.

Síðan var farið yfir uppbyggingu og skipulag KOSTRA verkefnisins. Yfirfærsla fjárhagsupplýsinga gerist því sem næst alfarið með rafrænum hætti. Söfnun þjónustuupplýsinga gerist því sem næst alfarið handvirkt. Í Effektiviseringsnetverkinu taka um 200 sveitarfélög þátt á einn eða annan hátt eða um tæpur helmingur norskra sveitarfélaga.

iv. Danmörk

Mikil og nákvæm stjórnun ríkisins á liðnum tímum hefur byggt upp vantraust til ríkisins af hálfu sveitarfélaganna. Því hefur farið fram mikil umræða milli ríkis og sveitarfélaga um hvernig skuli brugðist við þessu. Frjálsari en þó skuldbindandi rammar fyrir sveitarfélögin þurfa að leysa af hólmi mikla og tímafreka skýrslugerð um starfsemi sveitarfélaganna. Ríkisstjórnin hefur lagt til, í tengslum við þessa umræðu, að árangur og gæði verði í auknum mæli mælanleg og samanburðarhæf. Nokkur verkefni hafa verið sett upp í þessum tilgangi á liðnum árum. Árið 2006 var sett upp samvinnuverkefni þar sem markmiðið var að einfalda regluverkið sem varðar sveitarfélögin. Árið 2008 voru sett upp 10 boðorð fyrir dreifstýringu. Árið 2009 var sett upp samstarfsverkefni þar sem markmiði er að losa fjármuni árlega sem svarar 1,0 m.dkr. á ári til aukinnar þjónustu fram til ársins 2013. Árið 2011 var gerð tilraun með „Frikommuner“ þar sem markmiðið er að þróa nýjar aðferðir til að leysa verkefni á. Ríki og sveitarfélög hafa unnið að því að bæta, einfalda og tryggja samfellda upplýsingagjöf á einstökum málaflokkum sveitarfélaganna. Í því sambandi hefur verið byggt upp stjórnunarkerfi sem kallast FLIS (Det Fælleskommunala ledelsesinformationssystem). Alls hafa 77 sveitarfélög tengst verkefninu. Hægt er að bera saman nákvæmar lykiltölur um margháttuð verkefni, s.s. einstaka skóla og einstaka bekki.

4. Sveitarfélögin og heilbrigðisþjónustan

Noregur og Danmörk innleiddu þessa umræðu.

i. Noregur

Þau markmið sem unnið var eftir í samningaviðræðum ríkis og sveitarfélaga voru sem hér segir:

- Minni aukning í þörf fyrir þjónustu sjúkrahúsa

- Aukning á fyrirbyggjandi aðgerðum
- Þjónustan verði heildstæðari og styttri
 - Samþætting og skipulagður meðhöndlunarferill
- Aukin lífsgæði fyrir einstaklinginn
 - Jafngóð eða betri gæði hjá sveitarfélögunum
 - Sveitarfélögin veiti meiri þjónustu
 - Dregið verði úr „ónauðsynlegum“ sjúkrahúsinnlögnum

Í þessu sambandi er mikilvægt að sveitarfélögin fái meiri fjármunum úr að spila en minni fjármunir renni til fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu. Fjallað var um uppgjör milli ríkis og sveitarfélaga vegna sjúklinga sem liggja á sjúkrahúsum lengur en þörf á. Fram kom að það hefði ekki verið þörf á að leggja fimmta hvern sjúkling inn á sjúkrahús ef aðrir valkostir hefðu verið fyrir hendi. Því er verið að þróa aðferðir til að geta veitt sjúklingum aðstoð án sjúkrahússinnlagnar á vegum sveitarfélaganna því það sparar samfélaginu mikla fjármuni.

ii. Danmörk

Í Danmörku átti sér stað kerfisbreyting á mörgum sviðum árið 2007 með endurskipulagningu sveitarstjórnarstigsins. Nú eru þarlend sjúkrahús starfrækt af fimm héruðum. Aukin áhersla er lögð á endurhæfingu (á vegum sveitarfélaganna) og fyrirbyggjandi aðgerðir (héruð og sveitarfélög). Hægt er að sjá verulega aukningu á krónískum sjúkdómum, s.s. sykursýki. Innlagnartími sjúklinga hefur styst verulega og heimaþjónusta sjúkra á vegum sveitarfélaganna hefur vaxið verulega. Upp getur komið núningur vegna þess að sjúkrahúsin þurfa að bregðast við aðstæðum hverju sinni sem eru oft dýrari en ætlað var. Sveitarfélögin vinna aftur á móti með rammafjárveitingar. Sveitarfélögin hafa nú í fyrsta sinn unnið að því að setja sér sameiginlega heilsustefnu (sunhedspolitik). Það er meðal annars gert með hliðsjón af reynslu annarra norrænna ríkja. Fyrirbyggjandi aðgerðir frekar en meðhöndlun. Sveitarfélögin vilja draga úr notkun sjúkrahúsa eins og hægt er bæði fyrir og eftir innlagnir. Aðrir valkostur eru ódýrari. Setja á samræmda gæðastaðla. Leggja á sérstaka áherslu á sjúkrahúsbjónustu og endurhæfingu fyrir aldraða og krónískt veikt fólk. Leggja á sérstaka áherslu á samhæfingu verkefna og fjármuna í heilbrigðis-geiranum með því að innleiða markvissa stjórnun í meðferð fjármuna. Auka skal samvinnu og leita leiða til sameiginlegra lausna. Að lokum var spurningum varpað fram um hvernig hægt sé að meta hvort fyrirbyggjandi aðgerðir skili árangri? Er hægt að leggja mat á árangur þess að flytja verkefni út til sveitarfélaganna og til einkaaðila? Hvaða haglíkön geta tryggt forsendur fyrir þróun á næsta heilbrigðiskerfi?

5. Fjárfestingar sveitarfélaga, skuldsetning þeirra og OPP (Offentligt Privat Partnership)

Svíþjóð og Finnland innleiddu þessa umræðu.

a. Svíþjóð

Í Svíþjóð hefur fjárfesting og þar af leiðandi skuldsetning sveitarfélaga og landsþinga farið vaxandi á síðustu árum. B-fyrirtækin (kommunbolagen) standa fyrir stórum hluta af fjárfestingu sveitarfélaganna á liðnum árum. Samstarf við einkaaðila hefur átt sér stað í ríkum mæli á seinni árum. Þar má nefna fjármögnun Nýja Karólínska sjúkrahússins, íþróttavalla, sundhalla og uppbyggingu á innra skipulagi sveitarfélaga (lagnir og götur). Markmiðið er að fá sem mest út úr tiltækum fjármunum á þann hátt að hver aðili geri það sem hann kann best. Meðal annarra þátta sem skipta máli í þessu sambandi má nefna blandaða fjármögnun, dreifingu áhættu, hæfni hvers aðila og framlags til þróunar samfélagsins. Þessi aðferðafræði hefur á hinn bóginn verið gagnrýnd á þann hátt að fullyrt er að sveitarfélög og landsþing fái lán á betri kjörum en einkafyrirtæki. Flest sveitarfélög í Svíþjóð eru aðilar að lánasjóði sveitarfélaga (Kommuninvest) eða 262 af 290. Um 65% af skuldum sveitarfélaga eru hjá sjóðnum. Sveitarfélögin eru í bakábyrgð fyrir skuldbindingum sjóðsins.

b. Finnland

Finnsk sveitarfélög hafa tiltölulega mikið frelsi hvað varðar fjárfestingar og lántöku. Ekkert lagalegt hámark er fyrir skuldsetningu sveitarfélaganna. Ekki er heimilt að fjármagna rekstrarhalla með lánnum. Ákveðin þumalfingerregla er notuð hvað varðar efri mörk skuldsetningar. Ef skuldsetning er 50% hærrí en meðaltal sveitarfélaganna er talin þörf á varúð. Um 55% af skuldum sveitarfélaganna er hjá Kommunfinans Abp. Um 15% lána hafa verið tekin hjá útlendum lánastofnunum. Ekki er talin ástæða til óróleika svo lengi sem skattar og aðrar tekjur hækka meir en sem nemur vexti skuldanna. Það getur hins vegar breyst. Eftir því sem skuldsetningin er meiri því viðkvæmari eru sveitarfélögin fyrir breytingum í tekjum og vaxtastigi. Umræða hefur átt sér stað um að setja þak á möguleika sveitarfélaga til lántöku. Það voru taldir upp bæði kostir og gallar á því fyrirkomulagi, meðal annars að sveitarfélögin hefðu ýmsa möguleika á að komast fram hjá slíkum reglum ef þau vildu svo.

Að afloknum fundi var Kronborg höllin skoðuð og að lokum farið í heimsókn á Louisiana listasafnið sem er staðsett fyrir sunnan Helsingør.

GJ